

Miðvikudaginn 9. júní 1971.

Nr. 79/1971. Jón Björnsson

gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h.
borgarstjórnar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 7. júní 1971, sem barst Hæstarétti sama dag, hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl., b, laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til.

Af hálfu varnaraðilja hefur borizt greinargerð. Telur hann „eigi efni til að hafa uppi neinar kröfur vegna frávísunardóms í máli þessu“.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. júní 1971.

Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 4. júní s.l. Það var dómtekið samdægurs, án þess að munnlegur málflutningur færi fram.

Stefnandi málsins er Jón Björnsson, fæddur 1. marz 1941, nafnúmer 5116-5799. Hann telur lögheimili sitt vera að Vífilsgötu 9, Reykjavík.

Stefndi er borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarstjórnar Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að kosningarréttur hans við alþingiskosningar 13. júní næstkomandi verði viðurkenndur og nafn hans sett á kjörskrá í Reykjavík hið allra fyrsta og eigi síðar en fyrir í hönd farandi alþingiskosninga.

Stefndi hefur krafizt þess, að dómkröfum stefnanda verði hrundið.

Í sóknarskjölum er málavöxtum lýst svo, að samkvæmt upplýsingum Manntalsskrifstofunnar í Reykjavík hafi stefnandi flutzt af landi brott í október 1969 og farið til Svíþjóðar, þar sem hann hafi dvalizt til 3. maí 1971.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Manntalsskrifstofunnar í Reykjavík, en þar er vottað, að stefnandi hafi tilkynnt aðsetursskipti til Vífilsgötu 9, Reykjavík, þann 3. maí 1971.

Málsástæður stefnanda koma eigi fram berum orðum, en sýnast á því reistar, að stefnandi eigi nú lögheimili hér á landi og fullnægi því nú öllum kosningarréttarskilyrðum.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að stefnandi fullnægi ekki 1. mgr. 15. gr. laga nr. 52/1959, og því beri að hafna stefnukröfunum.

Upplýst er, að stefnandi kærði ekki mál þetta til borgarstjórnar, áður en til málssóknar þessarar kom. Um ástæður stefnanda til þess segir í stefnu m. a. svo: „Stefnanda var eigi kunnugt um, að hann væri ekki á kjörskrá, fyrr en eftir að frestur til að kæra til sveitarstjórnar, sbr. 20. gr. laga nr. 52/1962, var útrunninn, og vannst því eigi tími til kæru til Borgarráðs Reykjavíkur“. Í greinargerð stefnanda er því bætt við, að stefnandi hafi verið nýkominn til landsins, er frestur til kæru fyrir borgarráð rann út, og því hafi ekki unnizt tími til kæru. Eins og sóknargögn eru úr garði gerð, verður að reisa dóm á því, að stefnandi hafi verið kominn hingað til landsins, þá er hann tilkynnti aðsetursskipti þann 3. maí 1971 samkvæmt framanrituðu.

Eftir ákvæðum 20. gr. laga nr. 52/1959 átti stefnandi kost á kæru til borgarstjórnar, þar til 3 vikur voru til kjördags. Eins og málsatvikum er hér háttað, hefur stefnandi því eigi fært sönnur á, að honum hafi hamlað þau forföll, sem getur í 24. gr. laga nr. 52/1959 um kæru til borgarstjórnar.

Er því óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá dómi, enda þótt krafa um það hafi ekki komið fram.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafizt.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.